

Fjárlaganefnd Alþingis
Alþingi
101 Reykjavík

Umsögn um erindi ferðaskrifstofunnar Urvi Tours til fjárlaganefndar


Utanríkisráðuneytið vísar til erindis fjárlaganefndar Alþingis sem barst ráðuneytinu með tölvupósti 13. nóvember sl. Þar var óskað eftir afstöðu ráðuneytisins til bréfs ferðaskrifstofunnar Urvi Tours til nefndarinnar, dags. 12. nóvember sl.

Í umræddu bréfi Urvi Tours er m.a. skorað á fjárlaganefnd að leggja til aukna fjárveitingu til þeirrar deildar utanríkisráðuneytisins sem annast útgáfu vegabréfsáritana (hér eftir áritanadeild). Í bréfinu er lýst sýn Urvi Tours á takmarkaða afkastagetu áritanadeildar. Þar kemur fram að fyrirtækið skipuleggur dýrar Íslandsferðir og hefur sent árlega til landsins 500-800 efnaða indverska ferðamenn. Áætlað er að hver þessara ferðamanna kaupir þjónustu hérlandis fyrir 3-5.000 evrur. Fyrirtækið staðhæfir að það hafi selt um 1.100 ferðir til Íslands en aðeins fengið vegabréfsáritanir fyrir um 600 ferðamenn. Þá lýsir fyrirtækið meintri sniðgöngu ýmissa ferðaþjónustufyrirtækja við Schengen-regluverkið til að útvega vegabréfsáritanir til ferðamanna sem vilja heimsækja Ísland.

Til svars skal hér fyrst bent á að áritanadeild utanríkisráðuneytisins er tiltölulega ný deild. Hún hefur verið starfrækt frá ársbyrjun 2019. Gert var ráð fyrir að starfsemin færi hratt af stað og töluverð vinna lögð í uppbyggingu starfseminnar í ráðuneytinu og völdum sendiráðum. Um 260 m.kr. hækkun fjárheimilda fékkst til þessa verkefnis árin 2018 og 2019. Stuttu síðar brast á Covid-19 heimsfaraldurinn. Lögðust þá hefðbundin verkefni deildarinnar að mestu niður. Starfsfólk deildarinnar var þá virkjað til að mæta því gríðarlega álagi í utanríkisráðuneytinu sem fylgdi borgarþjónustuverkefnum í faraldrinum. Útgáfa áritana hófst á ný eftir lok faraldursins. Hún hefur hægt og rólega verið að sækja í sig veðrið á síðustu misserum. Deildin afgreiðir í dag miðlægt umsóknir um Schengen-áritanir frá Bandaríkjunum, Bretlandi, Kína og Indlandi.

Til glöggvunar á umfangi áritanastarfsemi utanríkisþjónustunnar er meðfylgjandi mynd sem sýnir þróun á fjölda áritanaumsókna síðastliðin fimm ár (tölur ársins 2023 miðast við lok septembermánaðar). Áhersla er lögð á að sýna fjölda áritanaumsókna í þeim löndum þar sem Ísland er með sjálfstæða áritanastarfsemi í sendiráðum. Í hlutanum „annað“ eru taldar áritanaumsóknir frá öðrum löndum líkt og Rússlandi og Malasíu og svo framvegis. Árið 2019 voru til að mynda um 2.500 umsóknir í sendiráði Íslands í Moskvu en starfsemi sendiráðsins þar var lögð niður 1. ágúst síðastliðinn.

Fjöldi áritana eftir löndum og árum




Ráðuneytið getur staðfest að undanfarið ár hefur aukist mjög þrýstingur á það frá ferðaþjónustuaðilum, bæði héraðs og á Indlandi, um að gefnar verði út fleiri vegabréfsáritanir til indverskra ferðamanna. Einnig er rétt að indverskir ferðamenn sem koma hingað til lands gegnum ferðaskrifstofur virðast mjög efnaðir. Áritanadeildin getur nú í viku hverri tekið á móti 56 einstaklingsumsóknum um vegabréfsáritanir frá indverskum ferðamönnum. Gert er ráð fyrir að hækka þann fjölda upp í 75 nú í þessum mánuði. Svigrúm til að taka á móti hópumsóknum, frá ferðaskrifstofum, líkt og Urvi Tours, er þó takmarkað. Þá fylgja áskoranir afgreiðslu indverskra umsókna sökum umfangs falsaðra umsóknargagna; slíkt gerir afgreiðslu þeirra mun tímafreakari en afgreiðslu umsókna frá flestum öðrum ríkjum. Til þessara atriða er m.a. litið við forgangsröðun hjá áritanadeild. Á Indlandi, næstfjölmennasta ríki heims, er þannig til staðar í dag umframtirspurn eftir vegabréfsáritunum vegna ferðalaga til Íslands. Lítið ráðrúm er til að bregðast við henni miðað við fyrirbyggjandi fjárheimildir.

Áskoranir varðandi afkastagetu í áritanaútgáfu utanríkisþjónustunnar einskorðast þó ekki við Indland. Þannig má nefna að innstreymi umsókna um vegabréfsáritanir hjá sendiráðinu í Peking hefur á þessu ári margfaldast á örfáum mánuðum. Aukningin helgast af miklum áhuga Kínverja á að ferðast til Íslands, svo og því að Covid-19 ferðatakmarkunum var aflétt í Kína fyrir á árinu. Þá um leið var Ísland skilgreint sem eitt af 20 áhersluferðamannalöndum kínverskra stjórnvalda.

Neðangreind mynd segir til um þróun áritanaumsókna í Peking á þessu ári. Fyrri súlan segir til um hvenær áritanaumsóknir berast og hin síðari hvenær þær voru veittar. (Gæta ber þess þó að hluti umsókna sem var veittur í september barst í ágúst.) Mikil og hröð aukning í fjölda umsókna í Kína er áberandi. Fyrirsjáanlegt er að þær muni halda áfram að aukast. Þannig liggur t.d. fyrir að sendiráðið í Peking náði nýverið hámarksafkastagetu. Grípa varð til þess ráðs að loka afgreiðslustöðum fyrir móttöku vegabréfsáritana í Kína þrjú daga vikunnar til að afgreiða mætti umsóknir, en með þátttöku í samstarfi Schengen eru íslensk stjórnvöld skuldbundin því að afgreiða umsóknir innan fyrirfram ákveðinna tímamarka. Ekki er hægt að auka afkastagetu í sendiráðinu nema að ráða fleiri staðarráðna starfsmenn til að afgreiða umsóknir.

Kína - Áritunarumsóknir 2023



Ríkisstjórnin samþykkti í októbermánuði sl. tillögu utanríkisráðherra um að stofna starfshóp skipaðan fulltrúum fjögurra ráðuneyta til að meta skilvirkni núverandi framkvæmdar áritanamála í sendiráðum Íslands og forsendur að baki æskilegum hámarksfjölda útgefna vegabréfsáritana. Starfshópurinn á að skila utanríkisráðherra skýrslu um störf sín fyrir lok nóvember nk.

Líkt og nefnt var hér að framan hefur í fjárlögum þegar verið gert ráð fyrir framlögum vegna þessa verkefnis sem nema um 260 m.kr. Þá hefur ráðuneytið forgangsraðað í þágu verkefnisins. Eru áætluð heildarútgjöld vegna þessa liðlega 400 m.kr. og skiptast á rekstur aðalskrifstofu og sendiskrifstofa. Ráðuneytið áætlar að það þurfi a.m.k. 180 m.kr. til þess að fullfjármagna verkefnið og ljúka þróunarvinnu. Slíkt myndi auka afkastagetu, miðað við núverandi uppsetningu. Þegar hefur verið vakin athygli á því í tengslum við fjárlagagerð.

Miðað við þá grunnfjármögnun sem þegar hefur fengist til verkefnisins má gera ráð fyrir að tekjur ríkisjóðs af verkefninu muni geta staðið undir þessari aukningu og jafnvel frekari vexti verði fallist á að veita auknar útgjaldaheimildir á móti auknum tekjum sem mun leiða af fjölgun áritana. Ljóst er að núverandi umfang deildarinnar og afkastageta mun, að óbreyttu, ekki geta mætt væntingum ferðaþjónustuaðila um fjölgun ferðamanna.

Ráðuneytið leggur því áherslu á að brugðist verði með jákvæðum hætti við erindi ráðuneytisins um hækkun fjárheimilda. Slíkt myndi gera ráðuneytinu kleift að fullfjármagna verkefnið og skapa forsendur fyrir frekari vexti. Gert er ráð fyrir að frekari tillögur um framtíðarfyrirkomulag verkefnisins muni byggja á tillögum framangreinds starfshóps.